**Ed.** **5. Frumvarp til laga** [5. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svofelld:
Skiptagerðum samkvæmt lögunum skal þinglýsa.

2. gr.

Úr 2. málsgr. 16. gr. falla brott orðin:
Skiptagerð þessari skal þinglýsa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til l. um þinglýsingar. Felst í því sú breyting ein, að skiptagerðir eftir landskiptalögunum séu yfirleitt háðar þinglýsingu, en gleggra þykir að haga orðalagi svo, sem hér er lagt til, heldur en er eftir lögunum, eins og þau eru nú.